

2. maí 2023



# Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 (geymsla koldíoxíðs)

Kynning fyrir umhverfis- og samgöngunefnd 2. maí 2023

**Stjórnarráð Íslands**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið



## Markmið frumvarpsins er að samræma orðalag í VI. A kafla laganna við orðalag tilskipunar 2009/31/EB um geymslu koldíoxíðs í jörðu eftir að frekari ábendingar bárust frá eftirlitsstofnun EFTA

- Í fyrsta lagi er lögð til breyting á landfræðilegu gildissviði VI. kafla A en ESA telur mikilvægt að tekið sé fram að lögin gildi á yfirráðasvæði Íslands en í gildandi 33. gr. a er eingöngu talað um að kaflinn gildi innan efnahagslögsögu og á landgrunni Íslands.
- Í öðru lagi er lagt til að könnunarleyfi verði bætt við í upptalningu í 33. gr. b um atriði sem ráðherra skal setja nánari ákvæði um í reglugerð. Þegar hefur verið sett reglugerð um framkvæmd VI. kafla A um geymslu koldíoxíðs í jörðu og þar er að finna nánari ákvæði um könnunarleyfi.
- Í þriðja lagi eru lagðar til breytingar á ákvæði 33. gr. c sem fjallar um könnunarleyfi og starfsleyfi til geymslu. Að mati ESA er ekki gerður nægur greinarmunur á þessum leyfum í gildandi ákvæði.



- Í fjórða lagi er lagt til breytt orðalag ákvæðis 33. gr. d sem fjallar um samsetningu koldíoxíðsstraums til geymslu. Samkvæmt ESA er nauðsynlegt að færa orðalag ákvæðisins nær orðalagi 12. gr. tilskipunarinnar og taka fram að koldíoxíðsstraumur skuli að langmestu leyti vera úr koldíoxíði.
- Í fimmta lagi eru lagðar til minni háttar breytingar varðandi skilyrði fyrir flutningi ábyrgðar í 33. gr. g.
- Í sjötta lagi eru lagðar til breytingar á 33. gr. h. sem fjallar um aðgang þriðja aðila að flutningskerfi og geymslusvæði, til að skýra betur skilyrði fyrir aðgangi þriðja aðila.
- Í sjöunda lagi er lagt til að nýr málslíður bætist við 33. gr. i sem fjallar um lausn deilumála vegna aðgangs að flutningskerfi og geymslusvæði.



- Í áttunda lagi er lagt til að bætt verði við nýrri grein á eftir 33. gr. i sem fjallar um samstarf yfir landamæri. Ákvæðið verður til innleiðingar á 24. gr. tilskipunarinnar um sama efni.
- Í níunda lagi er lögð til viðbót við 33. gr. j sem fjallar um fjárhagslegar skyldur.
- Í tíunda lagi er lögð til viðbót við 1. mgr. 53. gr. þar sem Umhverfisstofnun er veitt leyfi til að innheimta gjald vegna útgáfu könnunarleyfa.